

HEIMIR

IX árgangur

WINNIPEG, 1913.

1. blað.

ÞINGTÍÐINDI.

Framhald.

Var skýrsla þessi viðtekin og heimi vísað til næsta liðar á dagskrá.

Var þá beðið um skýrslu útgáfunefndar. Gat skrifari þess að nefnd sú hefði enga skýrslu fram að flytja. Engin rit hefði verið gefin út síðan þing kom saman síðast.

Með því að skýrsla frá Útgáfunefnd Heimis var ekki alveg tilbúin, var samþykkt að láta hana biða til næsta fundar.

Kom þá fram tillaga um að fresta fundi til kl. 7.30 e. háð, og var hún samþykkt.

Kl. 7.30 var komið saman aftur. Um kl. 8 kallaði forseti á séra Rögnvald Pétursson að flytja fyrirlestur, um "Síði og Helgisíði". Var fyrirlesturinn allvel sóttur. Að loknu erindinu er tók rúman klukkutíma urðu nokkrar umræður. Var því lýst yfir að öllum væri heimilt að taka til máls, hvort sem þeir væri til heyrandi Únfariðskum félagsskap eða ekki. Gjörðu þá þessir athugasemdir við ýms atriði fyrirlestursins: séra G. Árnason, séra A. E. Kristjánsson, og séra J. P. Sólmundsson. Svaraði fyrirlesarinn umræðunum fáum orðum.

